



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 6. nóvember 2018

1811008SA VÓHS
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum (ákvörðun matsverðs), 149. löggjafarþing - 212. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 25. október 2018, þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint þingmál. Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp og var áður lagt fram á 145. löggjafarþingi, 634. mál, en náði ekki fram að ganga og er nú lagt fram að nýju óbreytt. Frumvarpið var unnið í samvinnu við Þjóðskrár Íslands og var birt á vef samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í júlí 2017 til umsagnar. Samband Íslenskra sveitarfélaga sendi þá umsögn þar sem lýst var yfir stuðningi við frumvarpið svohljóðandi:

„Samband Íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir stuðningi við frumvarpið enda er markmiðið þess að tryggja rétta framkvæmd við ákvörðun matsverðs fasteigna við svonefnda tekjuaðferð. Eins og fram kemur í drögum þá berast ríkisskattstjóra ýmis fylgiskjöl vegna atvinnuhúsnæðis, þ. á m. leigusamningar, sem geta nýst við ákvörðun matsverðs fasteigna sem Þjóðskrár Íslands hefur ekki haft aðgang að. Þá hefur Þjóðskrár Íslands ekki talið sig hafa haft nægileg gögn til þess að gegna lögbundnum skyldum sínum við beitingu tekjuaðferðar. Með frumvarpi þessu er lagt til að Þjóðskrár Íslands verði með skýrum hætti veittur aðgangur að upplýsingum úr bæði skattframtölum og fylgiskjöllum þeirra, þ.m.t. leigusamningum, við fasteignamat til þess að geta framkvæmd lögboðnar skyldur sínar, en tekjuaðferð skal beitt þegar gangverð fasteignar er ekki þekkt. Sambandið gerir ekki neinar athugasemdir við efni frumvarpsins að öðru leyti.“

Um frumvarpið

Frumvarpið leggur til breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum, sem lýtur að því að tryggja rétta framkvæmd við ákvörðun matsverðs fasteigna.


Þjóðskrár Íslands hefur vakið athygli á því að stofnunin hefur ekki aðgang að fullnægjandi upplýsingum er lúta að ákvörðun matsverðs fasteigna. Frumvarpið leggur því til breytingu á 22. gr. laganna er varðar aðgang stofnunarinnar að upplýsingum úr skattframtölum. Breytingarnar eru forsenda þess að stofnunin hafi fullnægjandi upplýsingar svo að hægt sé að meta rétt matsverð fasteigna með tekjuaðferð svokallaðri sem tekin var upp í lögum með lögum nr. 83/2008. Með því að þí hafi aðgang að þeim upplýsingum sem frumvarpið kveður á um, er hægt að tryggja sem réttasta skráningu og samræmi við framkvæmd fasteignamats.

Lokaorð

Sambandið vísar til fyrri umsagnar um sama mál og tekur jákvætt undir frumvarpið og styður framgang þess enda sé markmiðið að Þjóðskrá Íslands geti sinnt hlutverki sínu til fulls. Sambandið styður því þá tillögu frumvarpsins að veita Þjóðskrá Íslands aðgang að upplýsingum úr skattframtölum og þeim leigusamningum sem ríkisskattstjóri hefur í vörslu sinni.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri